

## Skólastyrkir Evrópusambands Soroptimista - SI/E

### Upplýsingar og leiðbeiningar

Nóvember 2011

#### **Saga Skólastyrkjasjóðsins**

Árið 1968 stofnaði Evrópusamband Soroptimista SI/E Skólastyrkjasjóð (Scholarship Fund). Reglur sjóðsins voru óbreyttar allt til ársins 2011 en það ár var ákveðið að annar styrkur, sem kenndur hefur verið við Dr. Noël (Dr. Noël Scholarship), skuli heyra undir Skólastyrkjanefnd Evrópusambandsins. Dr. Noël var stofnandi fyrsta Soroptimistaklúbbs Evrópu. Styrkurinn sem veittur er úr þeim sjóði skal fara til sérnáms á sviði lýtalækninga. .

#### **Hverjir geta sótt um styrkinn?**

Skólastyrkurinn er veittur konum sem vinna á ýmsum fagsviðum (professions) eða sinna viðskiptum (business) og hafa áhuga á að auka við menntun sína eða breyta um starfsferil. Konur sem hafa byrjað fagnám eða verklega þjálfun geta fengið styrkinn ef þær búa í þróunarlandi þar sem starfandi er Soroptimistaklúbbur innan Evrópusambandsins.

Umsækjendur geta bæði verið Soroptimistar og konur utan samtakanna. Forgangur er veittur til náms í fögum og á starfsvettvangi þar sem fáar konur eru starfandi fyrir. Einnig hafa þær forgang sem eru á síðasta ári í námi sínu.

#### **Fjármagn sjóðs og styrkjaupphæðir**

Á hverju ári hefur Skólastyrkjanefndi Evrópusambandsins um það bil 95.000 Evrur til ráðstöfunar. Hæsti styrkur sem veita má nemur 10.000 Evrum.

#### **Tilnefningar frá hverju landi og ábyrgð klúbba**

Á hverju ári getur hvert landssamband tilnefnt tvo umsækjendur og þar sem stakur klúbbur er starfandi getur sá klúbbur tilnefnt eina konu. Ábendingar um umsækjendur þurfa að koma frá klúbbum sem starfa innan landssambandsins.

Soroptimistaklúbbur sem tilnefnir umsækjanda ber ábyrgð á umsókninni - og fái konan styrk, fer afgreiðsla hans í gegn um klúbbinn. Viðkomandi klúbbur ber ábyrgð á því að styrkþegi skili lokaskýrslu til SI/E að námi loknu. Skal klúbburinn fylgjast með framgangi náms hjá styrkþega á meðan á námi stendur. Einnig ber honum skylda til að fylgjast með styrkþega í nokkur ár eftir að námi lýkur til að geta metið gagnsemi styrksins.

#### **Hlutverk Skólastyrkjanefndar**

Hvert landssamband má skipa Skólastyrkjanefnd eða embættismann sem gaumgæfir umsóknir sem berast og mælir með, að hámarki, 2 umsækjendum til Skólastyrkjanefndar Evrópusambandsins (SI/E Scholarship committee).

Það er mjög mikilvægt að vekja athygli á þeim möguleikum sem felast í styrkjum SI/E og kynna þá rækilega. Skólastyrkur SI/E er tæki til að fjölga hugsanlegum félögum í samtökunum og vekja athygli á markmiðum samtakanna.

## **Algengar spurningar**

### ***Hverjir mega koma með tillögur að umsækjendum?***

Aðeins klúbbar sem starfa innan landssambandsins geta komið með tillögur/mælt með umsækjendum.

### ***Fjöldi umsókna frá hverju landi?***

Senda má tvær umsóknir, frá hverju landi, í á ári

### ***Hverjir mega sækja um styrkina?***

Bæði Soroptimistar og konur utan samtakanna mega sækja um styrki. Forgangur er veittur til náms í greinum sem eru ekki venjulegar kvenna starfsgreinar.

### ***Hvar er eyðublaðið? Hvaða upplýsingar þurfa að koma fram?***

Nýtt umsóknareyðublað er gefið út á hverju ári og er það að finna á vefsíðu Soroptimistasambands Íslands ([www.soroptimist.is](http://www.soroptimist.is)) Eyðublaðið þarf að fylla út af nákvæmni og öll nauðsynleg fylgiskjöl skulu fylgja um leið og umsóknin er lögð inn.

### ***Eru tímamörk á hvenær þarf að skila inn fullbúinni umsókn?***

Fullfrágengin umsókn þarf að berast

Skólastyrkjanefnd Sorptimistasambands Íslands eða Forseta Soroptimistasambands Íslands; Hamraborg 10; 200 Kópavogur **fyrir 1. desember ár hvert.**

### ***Hvað eru styrkuppþæðir háar?***

Hæsti styrkur er 10.000 Evrur en flestir styrkirnir eru lægri.

### ***Hver velur umsækjendur frá Íslandi?***

Skólastyrkjanefnd starfar sem ráðgefandi nefnd fyrir forseta landssambandsins. Hún forgangsraðar umsóknum og gengur úr skugga um að allar nauðsynlegar upplýsingar séu til staðar.

### ***Ef íslenskur umsækjandi fær styrk – hver gerir hvað?***

Sendifulltrúar sem sitja sendifulltrúafund þar sem styrkþegar eru valdir, venjulega í maí á hverju ári, láta formann Skólastyrkjanefndar og landssambandforseta vita strax og ákvörðun liggur fyrir. Haft í samband við klúbbinn, sem mælti með viðkomandi umsækjanda, og skal hann fylgja ferlinu eftir eins og segir í kaflanum: **Tilnefningar frá hverju landi og ábyrgð klúbba.**

### ***Hvernig fær styrkþegi styrkinn afhentan?***

Eigi síðar en í október skal sá klúbbur sem mælti með umsækjanda stofna reikning á sínu nafni og senda upplýsingar um þennan reikning til gjaldkera SI/E. Eftir að styrkurinn er kominn er hann afhentur styrkþega og þar með hefst eftirlitshlutverk þess klúbbs sem mælti með umsækjanda, sbr. hér að ofan.

\*\*\*\*\*